


Deiliskipulag, Fornhagi 1 - HAGASKÓLI

Staðgreinir 0-1- 1804101 Landnúmer 106502



SKIPULAGSLEG STAÐA
Deiliskipulag af lóðinni **Fornhagi 1** (Hagaskóli) er ekki til.

Inngangur
Ráðgert er að hefja uppbyggingu á kennsluhúsnæði Hagaskóla innan núverandi lóðar. Gert er ráð fyrir að skólinn geti tekið við fleiri nemendum til að mæta fólksfjölgun í Vesturbæ Reykjavíkur. Nýtt deiliskipulag lóðarinnar gerir ráð fyrir nýbyggingum samfara endurbótum á núverandi kennsluhúsnæði skólans, en þar hafa greinst umtalsverðar rakaskemmdir. Í þessu deiliskipulagi er gert ráð fyrir töluverðu magni færanlegra kennslustofa, auk vinnuáðstöðu kennara og starfsfólks til bráðabirgða vegna viðgerða á núverandi skóláhusnæði. Þegar þeim viðgerðum lýkur er gert ráð fyrir deiliskipulagsbreytingu sem sýnir byggingarreiti og byggingarmagn í samræmi við framtíðarhorfur skólans.

Hagaskóli hefur verið hluti af Vesturbæ Reykjavíkur í sex áratugi. Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt hannaði skólann á árunum 1957-1961 og tók hann til starfa í hluta núverandi húsnæðis haustið 1958.

Skólaverfi Hagaskóla er allur Vesturbærinn, frá flugvelli og Lækjargötu út að Seltjarnarnesi. Skólinn hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra grunnskóla Reykjavíkur sem stór safnskóli fyrir 8. 9. og 10. bekk á unglingastigi. Í Hagaskóla sækja nemendur úr þremur skólum; Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Árgangar eru fjölmennir.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) stendur Fornhagi 1 (Hagaskóli) innan 5.39 ha reits sem skilgreindur er sem **Samfélagsþjónusta S17, Melaskóli-Hagaskóli-Neskirka**.

Í AR2040 segir jafnframt um **samfélagsþjónustu** (merkt S15-S60) : „Grunnskólar og önnur samfélagsþjónusta. Svæði fyrir grunnskóla, leikskóla og aðra samfélagsþjónustu sbr. skilgreining skipulagsreglugerðar (gr. 6.2.d), sem einkum þjónar viðkomandi hverfi. Nánari stefna um landnotkun, starfsemi og þéttleika á viðkomandi svæðum er ákveðin í hverfis- og/eda deiliskipulagi. Við ákvarðanir um þéttleika verði almennt tekið mið af yfirbragði nærliggjandi byggðar“.

Leiðarlífs gildandi aðalskipulags eru m.a. sjálfbærni og gæði hverfa; tryggja heilsusamlegt og öruggt umhverfi og betri nýtingu innviða. Setja manneskjuna í öndvegi - forgangsraði í hennar þágu - og stiga þannig skref í átt til betra borgarsamfélags.

LÝSING
Svæðið Fornhagi 1 – lóð Hagaskóla – er **Samfélagsþjónusta S17, Melaskóli-Hagaskóli-Neskirka**. Í AR2040 er áætlað að allt að 1000 nýjar íbúðir verði byggðar í Vesturbæ Reykjavíkur á skipulagstímabilinu og því þörf á stækkun núverandi skóláhusnæðis.

Í AR2040 (kafli IV. Sértek stefnuörkun og rammahluti aðalskipulags) eru sett fram bindandi markmið og áherslur í nokkrum sértekum málaflokkum, t.d. hvað varðar vistvænar samgöngur (t.a.m. hjólréiðar), gæði byggðar og byggingarlistastefnu.

Hjólréiðar. Almenn markíð eru m.a. þau að:
- auka hlutdeild hjólandi í samgöngum borgarinnar með markvissum og fjölpættum aðgerðum.
- hjólaeíðir verði í samræmi við Hjólréiðaaðalinn Reykjavíkur. Við honnun og útfærslu þeirra verði hverju sinni tekið mið af markmiðum og ákvæðum fyrirriggjandi heildaráætlunar.

Gæði byggðar. Byggingarlistastefna. Almenn markíð eru m.a. þau að:
- auka gæði manngerðs umhverfis í Reykjavík.
- gæðastjórnun verði beitt um útlit og hönnun alls manngerðs umhverfis borgarinnar.
- aðgengi fyrir alla eigi að vera forsenda við umhverfismótun og hönnun. Áætlað er að aðgengi fyrir alla lýtur að hugarfari í hönnun.

Stefna um landnotkun, starfsemi og þéttleika á svæðinu er útfærð á deiliskipulagsuppdrætti og unnin í samræmi við markmið og stefnu gildandi aðalskipulags. Við ákvarðanir um þéttleika á lóðinni er tekið mið af yfirbragði nærliggjandi byggðar.

Í AR2040 (kafli V. Mælikvarðar og vöktun) segir m.a. um áhrif íbúafjölgunar á grunnskóla :
„...áform um nýja grunnskóla létta hinsvegar ekki á álagi sem getur skopast á núverandi grunnskóla vegna þéttingar byggðar í einstökum skólalöðum. Því verður að gera ráð fyrir að aukinn nemendafjöldi í núverandi skólalöðum verði leystur með mögulegum viðbyggingum, aðrum húsnæðislausnum og færanlegum kennslustofum til að mæta tímabundnum uppveifum í nemendafjölda. Það er því mikilvægt að hvert uppbyggingarverkefni verði ávallt metið með tilliti til áhrifa á grunn- og leikskóla til bæði skemmi og lengri tíma. Slíkt mat getur haft áhrif á tímasetningar uppbyggingar og gerð og umfang fyrirhugaðrar uppbyggingar“.

Þar sem tillaga að nýju deiliskipulagi lóðarinnar Fornhagi 1 (Hagaskóli) er í samræmi við markmið og stefnu gildandi aðalskiplags er ekki talin þörf á að útfæra skipulagslýsingu samanber 40. gr. skipulagslaga.

DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ
Afmörkun deiliskipulagssvæðisins
Lóð Hagaskóla liggur á milli tveggja gatna; annars vegar Fornhaga í vestri og hins vegar Dunhaga í austri, en göturnar koma saman við Hagatorg í suðri. Við norðurmörk lóðarinnar liggur fjölbýlishúsabyggð, en einn af meginöngustigum hverfisins liggur milli lóðanna.

Skipulagsmörk deiliskipulagsins fylgja lóðarmörkum Hagaskóla.

Núverandi skóláhusnæði
Hagaskóli er um 5.000 m² að stærð (brúttófermetrar) og skiptist í meginatriðum í 5 hluta:

Aðalbygging skólans (2h+kj.) liggur meðfram Fornhaga (kennslustofur, skrifstofur, smíðjur o.fl.) sem og hátíðarsalur skólans. Aðalbyggingunni tengjast tvær lágbyggingar (kennslustofur) og þeim lágbygging sem liggur meðfram Dunhaga (kennslustofur).

Skólalóðin er 12.412 m² að stærð og er nýtingarhlutfall 0,4. Nýtingarhlutfall verður 0,5 með núverandi skóláhusnæði og færanlegu kennslu- og starfsmannáhusnæði.

DEILISKIPULAGIÐ
Forsendur
Í framtíðarsýn AR2040 eru höfð að leiðarlífs (þ.m.t. sjálfbærni og gæði hverfa, heilsusamlegt og öruggt umhverfi og betri nýting innviða). Gera þarf viðamiklar alhliða endurbætur á núverandi skóláhusnæði Hagaskóla, sem hafa í för með sér að rýma þarf skólann og koma starfseminni fyrir í færanlegum mannvirkjum innan skólalóðarinnar meðan á framkvæmdum stendur. Hér er um tímabundið úrræði að ræða til að geta haldið starfsemi skólans gangandi með sem eðlilegustum hætti í ákveðinn tíma.

Markmið
Meginmarkmið deiliskipulagsins er að:
- tryggja áframhaldandi hnökralaust skólastarf með tímabundnum lausnum.
- tryggja almennt öryggi og lýðheilsu nemenda og starfsmanna.
- efla og styrkja Hagaskólann til framtíðar sem hornsteinn lærdómssamfélags grunnskólanemenda á unglingastigi.

Tillagan í hnotskurn
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tímabundinni uppsetningu færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð Hagaskóla. Í náinni framtíð er gert ráð fyrir að tímabundnum bráðabirgða-byggingarreitum undir færanlegu einingarnar muni fækka verulega og/eda þeim skipt út fyrir varanlega byggingarreiti fastra nýbygginga, sem munu tengjast núverandi skóláhusnæði til framtíðar með sérstakri deiliskipulagsbreytingu. Framtíðarfyrikomulag leiksvæða/leiktækja og gróðurs á lóðinni verður einnig mótað í sömu deiliskipulagsbreytingu.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir:
- þremur misstórum tímabundnum byggingarreitum (merktir A-B-C) með heimild fyrir tímabundnum 1-2ja hæða færanlegum einingum, ásamt tengingum innan þeirra vegna skólastarfs.
- hæð hverrar einingar er áætluð 2.60-2.80m að utanmáli.


Byggingarreitur A
Byggingarreitur staðsettur við suður – suðausturhorn lóðarinnar. Skipulögð leiksvæði eru óveruleg á þessum hluta lóðarinnar og því hægara um vik að setja upp tímabundnar færanlegar einingar. Fórmarkostnaður vegna tímabundinna landnotkunar er metin hverfandi.
- heimild er fyrir allt að 16 færanlegum kennslustofum, sem heimilt er að koma fyrir í allt að 8 tveggja hæða tímabundnum einingum.
- núverandi gróður við Hagatorg skal verndaður eins og kostur er.
- leiksvæði verða endurheimt og styrkt eftir að tímabundnar einingar hafa verið fjarlægðar.

Byggingarreitur B
Byggingarreitur staðsettur á norðurhluta skólalóðarinnar. Hér liggur stærsti hluti skipulagðra leiksvæða skólans og því þónokkur tímabundinn fórmarkostnaður á landnotkun.
- heimild er fyrir allt að 16 færanlegum kennslustofum, sem heimilt er að koma fyrir í allt að 8 tveggja hæða tímabundnum einingum.
- leiksvæði verða endurheimt þegar færanlegar kennslustofur verða fjarlægðar.
- gróður meðfram lóðarmörkum skal styrktur eftir tímabundna landnotkun svæðisins undir færanlega einingar.


Byggingarreitur C
Staðsettur meðfram Furumel.
- Heimild er fyrir einnar hæðar stjórnunardeild fyrir starfsmenn skólans í tímabundnum færanlegum einingum.

Fjöldi hjólastæða á lóð
Unnið er samkvæmt bíla- og hjólréiðareglum Reykjavíkurborgar við undirbúning og uppsetningu hjólastæða á lóðinni. Ráðgert er að við lok 2022 verði búð að setja upp 60 ný hjólastæði til viðbótar við þau 100 hjólastæði sem nú þegar eru til staðar auk 60 stæðum fyrir hlauþahjól.

Kvaðir
Nokkrar kvaðir liggja á jaðarsvæðum skólalóðarinnar. Á norðurhluta hennar er kvóð um jarðstreng, gróft og götuljósastólpa og kvóð um hitaveitilögn. Þá er kvóð um óbyggt svæði við norðvestur lóðarmörk skólalóðarinnar sem tengist dælustöð við Fornhaga (lóð nr. 9). Á suðurhluta lóðar er kvóð um gróft og legu jarðsimastrenjga.




TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI - SKÝRINGARMYND
Fyrirkomulag tímabundna færanlegra eininga á lóð sem sýnt er á skýringarmynd er leiðbeinandi og eingöngu sýnt sem ákv. mælistika fyrir stærð tímabundinna byggingarreita.



SNIÐ A - A
mkv. 1:250

ÁSYND B - B
mkv. 1:550



- SKÝRINGAR**
- Deiliskipulagsmörk/ Lóðamörk Fornhaga 1 (Hagaskóli)
 - Byggingarreitur Núverandi byggingar
 - Tímabundinn byggingarreitur - 1 hæð Stjórnunardeild
 - Tímabundinn byggingarreitur - allt að 2 hæðir færanlegar kennslustofur
 - Helstu inngangar
 - Kvóð um gróft og legu jarðsimastrenjga
 - Kvóð um hituveitilögn
 - Kvóð um jarðstrengi, gróft og götuljósastólpa
 - Kvóð um óbyggt svæði

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

Þann _____ 202 __ og

Tillagan var auglýst frá _____ 202__

með athugasemdafrestri til _____ 202__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann ____202__.

Mælikvarði: 1:500
Dags. 18.03.2022

hornsteinar
arkitektar ehf
vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík